

Jian Ghomeshi

er af írönsku bergi brotinn, fæddur í Lundúnum. Jian var útvarpsmaður hjá kanadísku ríkisútvarpsstöðinni, „Canadian Broadcast Corporation.“ Hann var handtekinn árið 2014 og árkærður fyrir kynbundið ofbeldi og tilraun til kæfingar. Hann var lýstur saklaus af öllum ákærum við réttarhöld í mars 2016.

Ásökunin kom frá Kathryn Boret, samstarfsmanni, sem fullyrti, að Jian hefði sýnt henni kynferðislega áreitni allar götur frá 2007. Hún sagði við skýrslugjöf, „að um væri að ræða tilfinningalega misnotkun, einnig hugníðslu (gaslighting) og andleg bellibrögð, sem niðurlægðu [hana] greindarfarslega, [skertu] öryggistilfinningu og [vörpuðu rýrð] á sjálfsgildi [hennar], sem á stundum væru þungbærari, heldur en hinn líkamlegi átroðningur.“

Formaður stéttarfélags (Canadian Media Guild), Katrínar, Carmel Smyth lýsti yfir, að reynsla kynsystur sinnar yrði til þess, að þung áhersla yrði nú lögð á kynferðislega áreitni hjá félaginu. Árið 2013 var námsmönnum við háskóla í Ontario (University of Western Ontario) ráðið frá því að sækja starfsþjálfun til Jian sökum orðróms um ósiðsamlega hegðun gagnvart ungum konum. Í fjölmiðlafárinu, sem fylgdi í kjölfarið kom m.a. fram á sjónarsviðið fyrirverandi kærasta, sem lét í veðri vaka, að Jian hefði þvingað hana til harkalegt kynlífs.

Á sama ári var Jian vikið úr starfi. Talsmaður útvarpsstöðvarinnar lét hafa eftir sér; „að athygli okkar hefði verið beint að ákveðnum upplýsingum, sem að okkar dómi útilokuðu frekari tengsl við Jian.“ Í huga almennings er hann dæmdur maður, utan garðs.

Undir réttarhöldunum lagði verjandi fram tölvupósta frá ákærendum, kvenleikurum, sem skrifaðir voru, eftir að ákærð árás átti sér stað. Þar má m.a. lesa: „Þú sparkaðir í afturendann á mér í gærkvöldi, þess vegna langar mig að ríða þér til rænuleysis (fuck your brains out); „ég dáí hendur þínar.“ Í tölvupóstasafninu var einnig mynd af henni að totta bjórflösku. Önnur sagði svo nauðbeygð frá kynferðislegu stefnumóti við Jian, eftir að hinar kynferðislegu svívirðingar áttu sér stað.

Eftir dómsuppkvaðningu efndu stuðningsmenn ákærenda til mótmæla og lýstu vanþóknun sinni á dómnum. Aðalverjandi Jian, Marie Henein, var sökuð um að svíkja konur.

Ári síðar gaf Lucy DeCoutere, sú, sem vildi serða Jian til rænuleysis, út yfirlýsingu. Hún beinir orðum sínum til kvenna: „[R]éttarkerfið er óvinur þinn ... Kerfið leggur þér ekki lið. Kerfið vinnur samkvæmt reglum (motions), sem hafa verið í gildi um aldir og það tekur langan tíma að umsnúa því.“

Amanda Dale, lögfræðingur, sérfræðingur um mannréttindi kvenna, tekur í sama streng um réttarhöld, sem fjalla um kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi: „[Réttarhöld samkvæmt reglunni] saklaus uns sekt er sönnuð, ásamt einstrengingslegum gagnyfyrheyrslum, munu varla nokkru sinni teljast til lækninga fyrir þolendur. En að minnsta kosti ætti ekki að nota þær sem réttlætingu fyrir misrétti og misnotkun.“

(Amanda þessi er framkvæmdastjóri heilsugæslustöðvar fyrir kvenfórnarlömb ofbeldis í Toronto; forstjóri kanadísks kvenfrelsunarbandalags til alþjóðlegra aðgerða (Canadian

Feminist Alliance for International Action); félagi í kanadísku kvenmorða rannsókn- og upplýsingamiðstöðinni í þágu réttlætis og ábyrgðar (Canadian Femicide Observatory for Justice and Accountability). Hún hefur verið heiðruð fyrir kvenfrelsunarstörf.

Um allan hinn vestræna heim (og víðar reyndar) er markvisst unnið að því, að gera að engu sönnunarbyrði kvenna, sem bera karla sökum um kynferðislegt ofbeldi. Katrín Jakobsdóttir vinnur hljóðlega að þessu í forsætisráðuneytinu. Konum skal trúá, er viðkvæðið.